

Guðmundur G. Gunnarsson

From: Regína Sigurðardóttir <regina.sigurdardottir@for.is>
Sent: fimmtudagur, 2. júní 2022 11:12
To: Haukur Einarsson
Subject: Afgreiðsla ráðuneytisins - rannsókarborholur á Bláfjallasvæðinu

Góðan dag.

Forsætisráðuneytið vísar til erindis þíns frá 24. maí sl., þar sem óskað er eftir leyfi ráðuneytisins fyrir fjórum nýjum rannsóknarholum til grunnvatnsmælinga á Bláfjallasvæðinu.

Fyrirhugaðar borholur eru vöktunarborholur sem ætlað er að styrkja grunnvatnslíkan verkfræðistofnunnar Vatnaskilja ehf., með áherslu á Bláfjallasvæðið, í tengslum við framkvæmdir á skíðasvæðinu. Verkfræðistofan Vatnaskil ehf., sér m.a. um þróun yfirborðs- og grunnvatnslíkana fyrir sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni þess. Vöktunarborholurnar verða eingöngu nýttar til rannsókna og engin frekari nýting fyrirhuguð í þeim.

Skv. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998, veitir forsætisráðherra leyfi fyrir nýtingu á vindorku, vatns- og jarðhitaréttindum innan þjóðlendna.

Holurnar fjórar eru staðsettar í þremur þjóðlendum, afrétti Álfthaneshrepps hins forna, afrétti Seltjarnarneshrepps hins forna og í Ölfus- og Selvogsafretti. Afréttur Álfthaneshrepps hins forna er innan staðarmarka Hafnarfjarðar, afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna er innan staðarmarka Kópavogsbæjar og Ölfus- og Selvogsafreitur er innan staðarmarka Sveitarfélagsins Ölfuss.


Framkvæmdaleyfi Hafnarfjarðar og Sveitarfélagsins Ölfuss liggja fyrir auk þess sem bæjarstjórn Kópavogsbæjar hefur samþykkt framkvæmdina og útgáfu framkvæmdaleyfis, þegar framkvæmdir hefjast.

Forsætisráðuneytið veitir hér með leyfi fyrir hinni fyrirhuguðu framkvæmd með vísan til heimildar í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998, með því skilyrði að sem minnst rask verði á landslagi og jarðvegi, að við frágang verði þess gætt að röskuð svæði verði mótuð í samræmi við landslag.

Ákvörðun ráðuneytisins er með fyrirvara um að síðar verði ákvarðað eða samið um endurgjald fyrir nýtingu á vatnsréttindum innan þjóðlendu.

Haft var samráð við samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 58/1998 við afgreiðslu erindisins.


Virðingarfyllst, Regína Sigurðardóttir



Regína Sigurðardóttir, sérfræðingur / Specialist

Forsætisráðuneyti / Prime Minister's Office
Skrifstofa stjórnskipunar og stjórnsýslu / Department of Constitutional and Administrative Affairs
Stjórnarráðshúsinu, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8400
www.stjornarradid.is / www.government.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður /
Please consider the environment before printing



RE: Rannsóknarborholur á Bláfjallasvæðinu



Sveinn Óli Pálmarsson

To: Haukur Einarsson

Reply

Heill og sæll!

Þessu er auðsvarað, en veit ekki hversu ítarlegra upplýsinga er óskað eftir. Tenging okkar að þessum málum nær til síðustu 4 einfalda lýsinga fylgja að neðan, þú lætur mig vita ef frekari upplýsinga er þörf.

Við erum Vatnaskil ehf.

Vatnaskil sinna vatnafarsrannsóknnum fyrir sveitarfélög og vatnsveitur á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni þess og halda utar Vatnaskil eru enn fremur ráðgjafar SSH vegna vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins og eru fyrirhugaðar rannsóknaboranir á B vegferð.

Bkv,
Sveinn Óli

Er þetta nægjanlegt eða viltu ítarlegri upplýsingar?

Kveðja,
Haukur

From: Regína Sigurðardóttir <regina.sigurdardottir@for.is>

Sent: miðvikudagur, 1. júní 2022 10:19

To: Haukur Einarsson <haukur@mannvit.is>


Subject: FS: Rannsóknarborholur á Bláfjallasvæðinu

Sæll Haukur.

Verkfræðistofan Vatnaskil, hvernig tengist hún þessu? Sér hún um grunnvatnsrannsóknir fyrir SSH eða vatnsveitur á höfuðborgarsvæðinu?

Annað, hvort er Verkfræðistofan Vatnaskil hf. eða ehf.?

Með kveðju, Regína



Regína Sigurðardóttir, sérfræðingur / Specialist

Forsætisráðuneyti / Prime Minister's Office

Skrifstofa stjórnskipunar og stjórnsýslu / Department of Constitutional and Administrative Affairs

Stjórnarráðshúsinu, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8400

www.stjornarradid.is / www.government.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður /
Please consider the environment before printing

Hér meðfylgjandi eru umsóknargögnin sem send voru sveitarfélögunum ásamt viðaukum. Eins og ég sagði þér, er um að ræða svokallaðar vöktunarholur, sem ætlað er að styrkja grunnvatnslíkan sem til er af svæðinu.

Hér að neðan er svo tengill inn á drög að starfsleyfisskilyrðum frá heilbrigðiseftirlitinu, sem fóru í auglýsingu 17. maí sl.

https://heilbrigdiseftirlitid.cdn.prismic.io/heilbrigdiseftirlitid/d9d05ebf-d404-43f2-b49a-765f6692899b_Jar%C3%B0borun+Bl%C3%A1fjallarsv%C3%A6%C3%B0i+2022+-+Dr%C3%B6g+a%C3%B0+starfsleyfi+.pdf

Endilega heyrðu í mér ef einhverjar spurningar vakna eða ef eitthvað er óskýrt í gögnunum.

Bestu kveðjur,
Haukur

From: Haukur Einarsson
Sent: þriðjudagur, 24. maí 2022 15:26
To: Regína Sigurðardóttir <regina.sigurdardottir@for.is>
Subject: RE: Rannsóknarborholur á Bláfjallasvæðinu

Sæl Regína

Þá er að dusta rykið af samskiptum okkar frá í janúar varðandi rannsóknaboranir á Bláfjallasvæðinu. Þú sagðir, sbr. póst hér að neðan, að þegar framkvæmdaleyfi frá sveitarfélögunum væru komin í hús, gætum við óskað eftir samþykki ráðuneytisins. Hér meðfylgjandi eru framkvæmdaleyfi frá Hafnarfirði og Ölfusi auk samþykktar skipulagsráðs Kópavogsbæjar. Samkvæmt upplýsingum frá lögfræðingi Kópavogsbæjar (sjá skjáskot hér að neðan) hefur bæjarstjórn samþykkt framkvæmdina. Þegar ljóst er hvernær framkvæmdir byrja, verður formlegt leyfi gefið út.

Dugar þessi póstur til að óska samþykki ráðuneytisins eða viltu fá erindið með formlegri hætti?

Bestu kveðjur,
Haukur

Frá: Guðrún Edda Finnbogadóttir <guðrunedda@kopavogur.is>
Sent: Friday, 6 May 2022 11:10
Til: Jón Kjartan Ágústsson <jon@ssh.is>; Benedikt Óskar Steingrímsson <benedikto@mannvit.is>
Efni: RE: Rannsóknarborholur á Bláfjallasvæðinu - framkvæmdaleyfisumsókn til Kópavogs

Sæll aftur.

Bæjarstjórn er búin að samþykkja framkvæmdina og framkvæmdarleyfið verður því að vera í fullu samræmi við það. Ef einhverjar breyti þegar hefur verið samþykkt þá geri ég ráð fyrir að það þurfi þá að óska aftur eftir samþykki bæjarstjórnar.

Það er betra að vitað sé hvenær er fyrirhugað að byrja framkvæmdir þar sem framkvæmdarleyfið gildir aðeins í 12 mánuði frá útgáfu. Þú að hafa samband við Auði skipulagsfulltrúa og hún gefur út leyfið.


b.kv.



Guðrún Edda Finnbogadóttir
lögfræðingur
guðrunedda@kopavogur.is
Digranesvegur 1, 200 Kópavogur, Iceland
Tel: +354 441 0000 | www.kopavogur.is

From: Regína Sigurðardóttir <regina.sigurdardottir@for.is>
Sent: fimmtudagur, 27. janúar 2022 09:00

Með kveðju, Regína



Regína Sigurðardóttir, sérfræðingur / Specialist

Forsætisráðuneyti / Prime Minister's Office


Skrifstofa löggjafarmála / Department of Legislative Affairs

Stjórnarráðshúsinu, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8400

www.stjornarradid.is / www.government.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður /
Please consider the environment before printing



Frá: Haukur Einarsson <haukur@mannvit.is>

Sent: miðvikudagur, 26. janúar 2022 10:15

Til: Regína Sigurðardóttir <regina.sigurdardottir@for.is>

Efni: RE: Rannsóknarborholur á Bláfjallasvæðinu

Sæl aftur

Hnit holanna eru eftirfarandi:

Borhola	X	Y
Hola 1	368729	390167
Hola 2	368898	388343
Hola 3	367304	392317
Heiðin há	370076	387152

Heyri frá þér.

Kveðja,
Haukur

From: Regína Sigurðardóttir <regina.sigurdardottir@for.is>

Sent: miðvikudagur, 26. janúar 2022 10:10

To: Haukur Einarsson <haukur@mannvit.is>


Subject: RE: Rannsóknarborholur á Bláfjallasvæðinu

Sæll Haukur.

Mér sýnist að þessi eina hola sem er innan Hafnarfjarðarbæjar sem sú eina sem er innan þjóðlendu. Til að fullvissa mig um það væri gott að fá GPS-hnit fyrir þessar rannsóknarborholur. Áttu þau til? Þá get ég athugað hvort hinar tvær falli innan þjóðlendna eða ekki.

Með kveðju, Regína

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026



Frá: Haukur Einarsson <haukur@mannvit.is>

Sent: þriðjudagur, 25. janúar 2022 15:15

Til: Regína Sigurðardóttir <regina.sigurdardottir@for.is>

Efni: Rannsóknarborholur á Bláfjallasvæðinu

Sæl Regína

Ég er að vinna að því að útvega leyfi til rannsóknarborana á Bláfjallasvæðinu fyrir Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Hér meðfylgjandi er mynd sem sýnir staðsetningu þessara borhola.

Mig langaði að kanna hjá þér hvort forsætisráðuneytið þurfi að gefa leyfi fyrir borholum á þessu svæði. Getur þú svarað því?

Bestu kveðjur,
Haukur

Haukur Einarsson

Umhverfisverkfræðingur

Environmental Engineer

Sími / Tel.: +354 422 3016

GSM / Mobile: +354 842 3016



MANNVIT

www.mannvit.is / www.mannvit.com

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026